


Langvinn veikindi barns

Félagsráðgjöf til foreldra

Langvinn veikindi barns

Ef foreldrar eru óvinnufærir vegna veikinda barns í meira en tvo mánuði.



Veikindaréttur hjá atvinnurekanda

Foreldrar geta átt rétt á launuðu leyfi vegna veikinda barns yngri en 13 ára. Foreldrar ávinna sér réttindi sem geta orðið mest 12 dagar á hverju 12 mánaða tímabili. Kanna þarf rétt sinn hjá sínum atvinnurekanda.

Veikindaréttur hjá stéttarfélagi

Ef veikindi barns vara lengur en 12 daga geta foreldrar átt rétt á sjúkradagpeningum úr sjúkrasjóði síns stéttarfélags. Kanna þarf rétt sinn hjá viðkomandi stéttarfélagi.

Fæðingarstyrkur stéttarféлага

Sum stéttarfélög eru með fæðingarstyrki, eingreiðslu vegna fæðingar barns. Kanna þarf rétt sinn hjá viðkomandi stéttarfélagi.

Lenging fæðingarorlofs vegna veikinda barns

Foreldrar sem eru í fæðingarorlofi eiga möguleika á að fá það framlengt ef innlög barns á barnadeild varir lengur en sjö daga eða vegna langvarandi veikinda barns.

Sótt um framlengingu á fæðingarorlofi vegna veikinda barns:

1. Læknir útbýr vottorð við útskrift barns eða þegar sértækri umönnun þess lýkur og sendir Fæðingarorlofssjóði, sjá www.faedingarorlof.is.
2. Foreldrar tilkynna vinnuveitanda og Fæðingarorlofssjóði hvernig þeir ætli að ráðstafa lengingunni með því að fylla út eyðublaðið „Tilkynning um tilhögun fæðingarorlofs“ á www.faedingarorlof.is.

Réttindi foreldra sem eru í lánshæfu námi hjá Menntasjóði námsmanna

Foreldrar í námi geta átt rétt á auknu svigrúmi í námi ef alvarleg veikindi barns hafa kallað á innlög á sjúkrahús eða sambærilega umönnun sem hefur raskað verulega högum námsmannsins.

Fylgigögn sem þurfa að berast til Menntasjóðs námsmanna

Læknisvottorð vegna veikinda barns, sjá www.lin.is.

Foreldragreiðslur

Foreldrar eiga sameiginlegan rétt á greiðslum ef þau þurfa að leggja niður störf sökum alvarlegra veikinda barns. Fullnýta þarf rétt sinn til veikindalauna vegna veikinda barns hjá atvinnurekanda og úr sjúkrasjóði stéttarfélags áður en sótt er um foreldragreiðslur. Greiðslur eru launatengdar í allt að sex mánuði eftir að störf eru lögð niður en eftir það er hægt að sækja um grunngreiðslur.

Foreldri í námi á rétt á foreldragreiðslum sem geta varað í allt að þrjú mánuði.

Sótt um foreldragreiðslur:

1. Óskað er eftir foreldragreiðsluvottorði hjá lækni barnsins.
2. Foreldrar kynna sér hvaða fylgigögn þurfa að fylgja með umsókn.
3. Foreldrar sækja um á „Mínum síðum“ á www.tr.is.
4. Fengin greinargerð frá fagaðila sem sinnir fjölskyldunni til dæmis hjá Ráðgjafar- og greiningarstöð, félagsþjónustu í nærumhverfi eða fagaðila á Barnaspítala Hringinsins.

Umönnunargreiðslur

Ef barn er innliggjandi til lengri tíma, í átta vikur eða lengur, eða ef um er að ræða alvarlegan sjúkdóm eða fötlun barns sem krefst aukinnar umönnunar foreldris, er hægt að sækja um umönnunargreiðslur barna hjá Tryggingarstofnun (TR).

Umönnunargreiðslur eru skattfrjálssar og óháðar öðrum tekjum foreldra.

Sótt um umönnunargreiðslur á www.tr.is:

1. Foreldrar óska eftir umönnunarvottorði hjá lækni barnsins.
2. Kynna sér hvaða fylgigögn þurfa að fylgja með umsókn.
3. Foreldrar sækja um á „Mínum síðum“ (kennitala barns).

Foreldrar með lögheimili utan höfuðborgarsvæðisins

Ferðakostnaður vegna búsetu utan höfuðborgarsvæðisins

Foreldrar sem eru búsettir utan höfuðborgarsvæðisins geta sótt um endurgreiðslur á daglegum ferðum til Sjúkratrygginga Íslands vegna innlagnar barns á Barnaspítala Hringins. Samhliða er hægt að fá vikulegar ferðir milli heimilis og spítala endurgreiddar. Í vissum tilfellum er hægt að sækja ferðakostnað vegna lækni meðferðar sem krefst tíðra ferða barns á spítala, sjá www.sjukra.is.

Sótt um ferðakostnað:

1. Læknir útbýr ferðavottorð.
2. Ritari á göngudeild eða dagdeild staðfestir ferðir til lækis.
3. Foreldrar skila inn staðfestingu á þessum ferðum ásamt kvittunum fyrir fargjaldi til umboðs SÍ hjá sýslumanni í sínu umdæmi. Ef fjarlægðin er meiri en svo að keyrt sé daglega á milli, endurgreiða SÍ 80% af kostnaði upp að ákveðnu þaki vegna gistingar í Reykjavík á meðan barn er á spítala.

Gistikostnaður vegna búsetu utan höfuðborgarsvæðisins

Ef þörf er á gistingu á höfuðborgarsvæðinu er yfirleitt fyrst athugað með gistingu á Sjúkrahótel Landspítala (www.landspitali.is). Læknir, hjúkrunarfræðingur eða ljósmóðir sendir beiðni fyrir dvöl þar.

Barnaspítali Hringins á nokkrar íbúðir sem foreldrar geta leigt meðan barnið þeirra dvelur á spítalanum. Hægt er að sækja um íbúð með því að senda tölvupóst á: mottakabh@landspitali.is. Eftirfarandi upplýsingar þurfa að koma fram í tölvupóstinum: Nafn, kennitala, heimilisfang, símanúmer, nafn barns, kennitala barns, fjöldi fullorðinna, fjöldi barna, tímabil og hvort þörf sé á lyftuhúsnæði.

Ef sjúkrahótelid eða íbúð Barnaspítala Hringins eru ekki tiltæk, geta foreldrar athugað hvort stéttarfélagid þeirra eigi íbúð sem hægt er að leigja.

Læknismeðferð erlendis

Ferðakostnaður svo sem fargjöld og gisting er greidd af Sjúkratryggingum Íslands. Meðhöndlandi læknir sér um að sækja um til Sjúkratrygginga Íslands. Einnig er hægt að sækja um sjúkradagpeninga til Sjúkratrygginga Íslands (www.sjukra.is). Greitt er fyrir tvo fylgdarmenn, annar fær fulla sjúkradagpeninga en hinn hálf. Einnig eru hlutagreiðslur dagpeninga til barns.

Vátryggingafélög

Líf- og sjúkdómatryggingar, fjölskyldutryggingar, barnatryggingar eða slysatryggingar geta komið til móts við foreldra sem missa tekjur vegna veikinda barna. Kanna þarf rétt sinn hjá viðkomandi tryggingafélagi.

Styrktarfélag

Ráðlagt er að kynna sér stuðningsúrræði hjá viðeigandi styrktarfélagum til dæmis Umhyggju og Neistanum.

Athugið að sækja þarf um flest þau félagslegu réttindi sem nefnd hafa verið hér að framan

Félagsráðgjafar á Barnaspítala Hringins

Foreldrar geta óskað eftir tilvísun til félagsráðgjafa hjá lækni eða hjúkrunarfræðingi sem sinnir meðferð barns. Félagsráðgjafar á Barnaspítala Hringins styðja sjúklinga og fjölskyldur þeirra við að takast á við ýmsa erfiðleika vegna veikinda, álags sem getur fylgt veikindum og aðstæðna sem tengjast heilsufari. Þeir eru brú á milli spítalans og heimaumhverfis; fjölskyldulífs, heimilis og samfélags.

Félagsráðgjafar barnaspítalans starfa með hliðsjón af lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Meginmarkmið þeirra laga er að börn og foreldrar sem á þurfa að halda hafi aðgang að samþættri þjónustu við hæfi án hindrana. Sjá nánar á heimasíðu Barna- og fjölskyldustofu: www.bofs.is.

Frekari upplýsingar

Ef frekari upplýsinga er óskað hafið þá vinsamlegast samband við félagsráðgjafa á Barnaspítala Hringins: felagsradgjof.barnaspitali@landspitali.is eða í síma 543 1000.